
Kveðst vona að menn andi léttar

„Strandveiðitímabilið stendur yfir og þessar veiðar eru sífellt að verða mikilvægari hluti af smábátaútgerðinni,“ segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda. Hann segir baráttunni fyrir tilvist smábátaútgerða hvergi nærri lokið.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Arthur Bogason segir skýrslu Hafrannsóknastofnunar um dauða sjávarspendýra í grásleppunetum „botnlausa dellu“.

Eins og flestum er orðið kunnugt höfum við barist fyrir því að festa ákveðinn dagafjölda þannig að menn geta treyst því fyrir fram hvað þeir megi róa yfir sumarið. Þetta er greinilega mjög erfitt mál fyrir stjórnvöld og stjórnsýsluna. Þetta virðist falla illa að öllum ferköntuðum hugmyndum um hvað má veiða og hvernig eigi að standa að hlutunum. En við erum alveg grjótharðir á því að til þess að strandveiðikerfið hætti að vera sá bastarður sem það er í dag þurfi með löggjöf að tryggja mönnum 12 daga í mánuði yfir sumarið,“ segir Arthur um tilhögun strandveiða.

Í ár hefur strandveiðibátunum verið gefin heimild til veiða á 11.100 tonnum í maí, júní, júlí og ágúst. Þar af 10 þúsund tonn af þorski, þúsund tonn af ufsa og 100 tonn af gullkarfa. Hverjum strandveiðibát verði heimilt að veiða í 12 daga í hvern mánuð eða 48 daga á tímabilinu, en óheimilt er að stunda strandveiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga auk þess sem bannað er að stunda veiðarnar á svokölluðum rauðum dögum. Hver veiðiferð má eigi standa yfir lengur en 14 klukkustundir og má afli ekki vera umfram 650 kíló í hverri ferð, miðað við slægðan þorsk. Óheimilt er að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð.

Með því að hverjum bát sé heimilt að veiða í 48 daga á tímabilinu öllu telur landssambandið að það gefi strandveiðisjómönnum sveigjanleika til að komast sem næst því að fullnýta dagana óháð ytri aðstæðum og skapa þannog öllum fjórum veiðisvæðunum jafnan aðgang. „Ég sjálfur er reyndar mjög hugsi yfir því til hvers ætti að vera með fjögur veiðisvæði ef 48 dagarnir nást,“ segir Arthur.

Vísar gagnrýni á bug

Ef litið er til þess að hver bátur hefði trygga 48 daga og að hámarksafli á dag er 650 kíló og bátarnir væru til að mynda 500 (eru 579 nú) myndi samanlagður afli strandveiðibátanna vera 15.000 tonn. Þeir sem gagnrýna tillögu Landssambandsins hafa bent á að til þess að veiðar fari ekki fram úr ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar þurfi að taka þessa aflaheimild af öðrum í annaðhvort krókaaflamarkskerfinu eða stóra aflamarkskerfinu. Arthur gefur hins vegar lítið fyrir slíka nálgun.

„Þessi útreikningur er mjög vinsæll hjá þeim sem vilja smábátaútgerðinni ekki vel, en hann stenst ekki. Það hefur aldrei komið til að meðalafli strandveiðibátanna sé eitthvað nálægt þessum tölum né að allir bátar rói 48 daga. Þessar Excel-hundakúnstir lýsa einhverju allt öðru en vilja til að nálgast þetta málefnalega. Þessum svefnlitlu aðilum væri nær að skoða aflatölur frá því að þetta kerfi var sett á laggirnar. Það er ótrúlega mikið jafnvægi í þessum veiðum, bæði hvað varðar fjölda báta og meðalafla. Ég minni t.d. á að í upphafi var því spáð af miklum spekingum að inn í þetta kerfi myndu streyma fleiri þúsund bátar og sprengja allt í tætlur. Það hefur heyrst heldur minna í þeim með árunum því þetta hefur reynst alger þvættingur.

Það er ekki flókið að reikna það út að með 48 daga og 650 kílóa hámarki á dag er mögulegt að farið verði fram úr viðmiðum einhver ár, en menn gleyma því t.d. að 2018 og 2019 náðust ekki aflaheimildirnar. Þetta getur alveg verið á hinn veginn líka vegna þess að þetta er sá hluti fiskveiðiflotans sem byggir langmest á hagstæðum aðstæðum hvað varðar fiskgengd, strauma, veðurfar og birtu og margt annað sem sjaldnar er talað um – eins og þá staðreynd að í einmenningssjósókn er maður og bátur eitt. Veikist maðurinn er báturinn yfirleitt „veikur“. Þetta er ekki eins og hjá stórútgerðinni þar sem hægt er að þurrka út alla þessa þætti með því að vera með stór skip. Til þess eru þau smíðuð. Þetta er ekki samanburðarhæft,“ fullyrðir Arthur sem var kjörinn formaður Landssambandsins í fyrra. Það er hins vegar ekki í fyrsta sinn sem hann gegnir embættinu. Það gerði hann frá stofnun sambandsins 1985 allt til ársins 2013.



Morgunblaðið/Sigurður Ægisson

Sumir telja að veiðarfærin sem smábátar notast við séu þau umhverfisvænstu.

Umhverfisvænni veiðarfæri

Formaður Landssambandsins segir margar jákvæðar hliðar á strandveiðum, þær séu ekki aðeins atvinnuskapandi að sögn hans. „Ég fer ekki ofan af því að það á að hygla notkun umhverfisvænna veiðarfæra og ef einhver veiðarfæri geta talist umhverfisvæn hljóta það að vera handfæri og lína. Ég er þeirrar bjargföstu sannfæringar að ef fiskveiðistjórnun á að vera innan einhvers heilbrigðs ramma þá er eitt af því að setja inn í slíka löggjöf beinar ívilnanir og hvatningu til að nota slík veiðarfæri. Ég er handviss um að á alþjóðavettvangi verður þetta meira og meira rætt á komandi misserum.

Ég tel eðlilegt, í ljósi umræðunnar um umhverfismál og umgengni við náttúruna, að þau veiðarfæri sem skaða minnst í hafrýminu hafi forgang. Ég sé ekkert eðlilegt við það að nota þung botnveiðarfæri á grunnsævi þar sem að hægt er að beita veiðarfærum sem varla snerta botn.“

Botnlaus della

Miklar deilur urðu innan sambandsins í aðdraganda grásleppuveiða, enda skiptar skoðanir um kvótasetningu veiðanna. Meirihluti grásleppueyfishafa skoruðu á ráðherra sjávarútvegsmála að leggja til kvótasetningu, en frumvarp þess efnis hefur ekki verið afgreitt úr atvinnuveganefnd Alþingis. Þá hefur hópur grásleppusjómanna viðrað hugmyndir um stofnun sérstaks félags fyrir þá sem stunda þessar veiðar.

Spurður hvort einhver sátt sé í sjónmáli í þessum málaflokki svarar Arthur: „Ég hef alltaf hvatt smábátasjómenn til að leggja til hliðar ágreiningsmál og vinna saman að því sem kemur þeim öllum til góða. Þessi sterka krafa sem kom upp fyrir stuttu síðan, á þessum félagslega vettvangi Landssambandsins getur tekið tíma að ná í gegn.

Ég hvet eindregið þá, sem eru ósáttir við hlutina eins og þeir eru, til að vinna að framgangi sinna mála innan félagsins. Það er hinn rétti vettvangur. Það hefur aldrei sýnt sig að það að rjúka frá félaginu og stofna sérfélög hafi skilað nokkrum sköpuðum hlut. Þvert á móti. Ég vonast til þess að menn andi eðlilega og starfi af krafti innan Landssambandsins,“ segir hann.

Hann segir þó mikla óvissu í kringum grásleppuveiðarnar almennt. „Þær eru undir miklu meiri gagnrýni en aðrar veiðar vegna þess hvernig þær fara fram. Þetta eru netaveiðar á grunnslóð þar sem kemur fyrir að sjávarspendýr drukkna í veiðarfærunum. Það er þó ekki þannig að þau farist í hvert sinn sem þau festast og skýrsla sem Hafrannsóknastofnun lét frá sér fara í þessum efnum er svo botnlaus della að við fátt verður jafnað.“

Efast um kvótasetningu

Hann segir reynsluna almennt af fyrri kvótasetningum gefa fulla ástæðu til að hafa efasemdir þegar slíkar hugmyndir ber á góma. „Það hafa tvær meginkvótasetningar farið fram frá stofnun Landssambandsins. Fyrst þegar um þúsund bátum var sturtað inn í kvótakerfið árið 1990 og það tók stórútgerðina nokkra mánuði að kaupa upp megnið af þeim flota. Í dag er sá floti nánast horfinn, það eru innan við 100 smábátar eftir í því kerfi. Svo var það árið 2004 þegar krókaaflamarkið var sett á laggirnar. Þá voru bátarnir u.þ.b. 730 en þeir eru rúmlega 200 í dag. Það er því eðlilegt að maður efast um ágæti hugmynda um kvótasetningar á smábátaveiðar yfirleitt.

Það er alltaf þannig að stóru aðilarnir hafa margfalt betri aðgang að fjármagni og því hafa þeir yfirhöndina þegar kemur að verslun með veiðiheimildir. Þetta er ekki bara á Íslandi heldur alls staðar þar sem svona kerfi hefur verið sett upp,“ segir formaðurinn að lokum.

VOGIR
Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum

Bjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum
ELTAK EHF
- vogir eru okkar fag
Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is